



Aðalstjórn UMF Stjörnnunnar

Stjórnarfundur fimmtudaginn 16. nóvember 2010 kl. 17:15

Boðaðir: Snorri Olsen (SO), Pálína Hinriksdóttir (PH), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) og Þorsteinn Rafn Johnsen (ÞRJ), Elías Karl Guðmundsson (EKG) og Sara Rut Unnarsdóttir (SRU).

Mættir: Snorri Olsen (SO), Pálína Hinriksdóttir (PH), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI) og Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ).

Fundargerð

1. Rekstraráætlanir deilda

a. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu

Almar Guðmundsson formaður knattspyrnudeildar mætti á fundinn og gerði grein fyrir forsendum fyrirbyggjandi áætlunar fyrir meistaraflokk karla.

Ljóst er að miðað við óbreyttar tekjuforsendur er nauðsynlegt að fara í enn frekari niðurskurð útgjalda. Ákvörðun frestað þar til fjárhagsáætlun Garðabæjar liggur fyrir og ljóst hvaða styrkja Stjarnan má vænta frá bænum á árinu 2011.

b. Drög að áætlunum annarra eininga

Gjaldkeri aðalstjórnar fór yfir stöðu áætlanagerðar fyrir meistaraflokk kvenna í knattspyrnu og handknattleik.

Aðalstjórn vísar áætlununum til frekari úrvinnslu gjaldkera aðalstjórnar með viðkomandi deildum.

2. Önnur mál

JSI hvatti aðalstjórn til þátttöku á opnum fundi skólanefndar sem boðað er til í næstu viku.

Fundi slitið kl. 19:00

Ritað PGr.